

þeir með skoðunargjörð, samkvæmt 3. gr. samningsins, hafa náð umráðum yfir þeim 93
og eru farnir að láta vinna þær. Það verður ekki heldur sjeð af brjefi yðar, herra 3. sept.
landshöfðingi, að hinn nýi skattur til landssjóðsins, sem með 2. grein laga frá 14. des.
1877 var lagður á ábúendur jarða, sem metnar eru til afgjalds, hafi verið krafinn af
leiguliðum námanna, og verður ráðgjafinn samkvæmt hinu framanskráða að ætla, að
eigi sje ástæða til að gjöra slíka kröfu.

Eptir þessu hefir ráðgjafinn ekki fundið ástæðu til, samkvæmt bendingum yðar,
að gjöra neina gangskör að því, að heimta gjöld þau, sem ræðir um, af umboðsmönn-
um leiguliðanna, sem eru hjer.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 94
ferðakostnaðarreikning hjeraðslæknis. — Hreppsnefndin í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði 5. sept.
hefir sent mjer hjálagt eptirrit eptir reikningi læknisins í 9. læknishjæði fyrir ferð
hans í vetur norður á Akureyri, til þess að veita þar aðstoð við lækningu manns, sem
notið hefir sveitarstyrks í tjeðum hreppi, og mælist hreppsnefndin til þess, að upphæð
þessa reiknings, er nefndinni þykir ósanngjarnlega há, verði úrskurðuð.

Af eptirriti eptir brjefi yðar, herra amtmaður, frá 16. marz þ. á., er fylgdi brjefi
hreppsnefndarinnar, sje jeg, að þjer hafið þá látið í ljósi það álit, að yður beri ekki
úrskurðarvald í máli þessu, þar sem ferðin ekki geti álitist gjörð í þarfir hins opinbera.

Um þetta er jeg yður samdóma, en þó það þannig ekki geti komið til tals, að
úrskurða reikning þann, er hjer ræðir um, á þann hátt, að úrskurður þessi verði bind-
andi fyrir alla hlutaðeigendur, virðist mjer rjett að benda hreppsnefndinni á, að hafi
ekki verið gjörður sjerstakur samningur um borgun handa læknum, hefir hann sam-
kvæmt 4. grein laga 15. október 1875 (Stjtið. A. 15.) tilkall til, auk borgunar fyrir
sjálft það lækningarverk, er hann framdi á Akureyri, 4 króna dagpeninga um hvern
heilan dag, er hann hefir verið frá heimili sínu, og endurgjald fyrir hest þann, er hann
hefir notað á ferðinni, eptir því sem tíðkast í byggðarlagi því, er hesturinn var
fenginn úr.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar
fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef landshöfðingja til biskups um að leggja niður kirkju. — Með því að 95
hjæraðsfundur Húnavatnsprófastsdæmis hefir samþykkt tillögu hlutaðeigandi sóknar- 5. sept.
nefndar um, að Grímstungukirkja verði lögð niður, vil jeg með ráði yðar, herra
biskup, hjer með leyfa, að svo skuli vera, og að Grímstungusókn verði sameinuð
Undirfellssókn.

Um leið og jeg skýri yður, herra biskup, frá þessu, vil jeg skora á yður að
hlutast til um, að hús hinnar niðurlögðu kirkju verði selt við opinbert uppboð og að
andvirði þess ásamt sjóði Grímstungukirkju og áhöldum hennar verði afhent Undir-
fellskirkju.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 96
fje til eflingar búnaði. — Samkvæmt tillögum amtsráðsins í vesturumdæminu vil jeg 6. sept.

96	í framhaldi brjefs míns frá 2. febrúar þ. á. (stjórnartíð. B. 31.) hjer með samþykkja,	
6. sept.	að af fje því, sem ætlað er til effingar búnaði á þessu ári, verði	
	kennslustofnuninni í Ólafsdal lagðar	775 kr. » a.
	Bjarna Þórðarsyni á Reykhólum sem verðlaun fyrir búnaðarframkvæmdir	100 — » -
	Sturlaugi Tómassyni fyrir sama	58 — 33 -
	Jarðyrkjumanni Jóni Jónssyni á Hlaðhamri til verkferakaupa	100 — » -
	Búnaðarsjóði vesturumdæmisins með því skilyrði, að úr honum verði	
	greiddar þeim minni búnaðarfjelögum, sem senda amtmanni skýrslur	
	um framkvæmdir sínar, álíka styrksupphæðir og þær, sem veittar	
	voru slíkum fjelögum með brjefi mínu frá 28. júlí f. á. (stj. tíð. B. 120)	1233 — 33 -
	Ávísun á þessar samtals	2266 — 66 -
	fylgir hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar.	

EMBÆTTASKIPUN.

Hinn 30. ágúst var hjeradsleknir Jónas Jónassen settur til að þjóna fyrst um sinn ásamt 1. læknishjaraði landlæknisembættinu og forstöðumannsembættinu við læknskólann.

Hinn 7. septbr. var kandidat Helgi Árnason skipaður prestur að Söndum í Dýrafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Jón Ólafur Magnússon skipaður prestur að Hofi í Húnavatnsprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Sigurður Stefánsson skipaður prestur að Ögurþingum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

8. s. m. var prestinum sira Guttormi Vigfússyni á Svalbarði, sem 23. júlí þ. á. var skipaður prestur að Fjallapingum, leyft að sitja kyrrum í Svalbarðsprestakalli.

Hinn 9. s. m. var kandidat Lárus Eysteínsson skipaður prestur að Helgastöðum í Suðurþingeyjarprófastsdæmi.

S. d. var kandidat Pjetur Jónsson skipaður prestur að Fjallapingum í Norðurþingeyjarprófastsdæmi.

12. s. m. var presturinn að Setbergi sira Þorvaldur Jónsson skipaður prestur að Eyrarprestakalli í Skutulsfirði í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

14. s. m. var lœkniskandidat Þórður Thoroddsen settur 3. kennari við gagnfrœðaskólann á Möðruvöllum frá 1. oktbr. þ. á.

7. júlí þ. á. setti biskup prestinn í Vatnsfirði sira Þórarinn Kristjánsson R. af Dbr. til að vera prófast í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.

ÓVEITT PRESTAKÖLL.

Hof í Vopnafirði í Norðurmúlaprófastsdæmi, metið 3091 kr. 10 a. Frá þessu brauði greiðast 700 kr. ár hvert samkvæmt lögum 27. febr. 1880. Prestsekkja er í brauðinu, sem nýtur $\frac{1}{8}$ af föstum tekjum þess. Auglýst 19. ágúst 1881.

Þykkvabæjarklaustur (Þykkvabæjar- og Langholtssóknir) í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi samkvæmt lögum 27. febr. 1880 metið 923 kr. 70 a. Prestsekkja er í brauðinu, sem nýtur $\frac{1}{12}$ af föstum tekjum þess. Auglýst 23. ágúst 1881.

Setberg í Snæfellsnessprófastsdæmi verður veitt frá fardögum 1882. Metið 987 kr. 26 a. Auglýst 15. septbr. 1881.

PRESTVIGÐIR.

Hinn 18. dag septembermán. kandidatarnir:

Helgi Árnason sem prestur að Söndum í Dýrafirði í Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi.

Jón Ólafur Magnússon sem prestur að Hofi í Húnavatnsprófastsdæmi.

Lárus Eysteínsson sem prestur að Helgastöðum í Suðurþingeyjarprófastsdæmi.

Pjetur Jónsson sem prestur að Fjallapingum í Norðurþingeyjarprófastsdæmi.

Sigurður Stefánsson sem prestur að Ögurþingum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi.